

Starfsleyfisskilyrði fyrir Skotfélag Ólafsfjarðar vegna starfrækslu skotvallar á Ólafsfirði

1. Almenn ákvæði og gildis- og ábyrgðarsvið.

- 1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda um rekstur skotvallarins á Ólafsfirði. Heilbrigðisnefnd gefur út starfsleyfi til 12 ára sbr. ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 6. gr. reglugerðar 550/2018, sbr. Viðauka X, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.2 Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hefur eftirlit með starfsemi Skotfélags Ólafsfjarðar samkvæmt ákvæðum 57. gr. reglugerðar 550/2018.
- 1.3 Skotfélag Ólafsfjarðar ber ábyrgð á rekstri skotvallarins, þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina sé fylgt, sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.
- 1.4 Endurskoða skal starfsleyfisskilyrðin reglulega en endurskoðun og breyting á skilyrðum fer samkvæmt 13. og 14. gr. reglugerðar 550/2018.
- 1.5 Starfsleyfishafi skal veita Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfseminni með góðum fyrirvara áður en í þær er ráðist. Sé um að ræða meiriháttar breytingu á rekstrinum eða breytingu sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðisnefndar, ber rekstraraðila að sækja um starfsleyfi að nýju.

2. Ásýnd lóðar, lóðamörk og umhverfi.

- 2.1 Við reksturinn skal leitast við að lágmarka álag á umhverfið og halda góðri sátt við nágretta.
- 2.2 Skotfélagi Ólafsfjarðar, er skyld að sjá um, að á öllu athafnasvæði þess sé gætt fyllsta hreinlætis. Allur búnaður s.s. skot, leirdúfur ofl. skal geymt í aflokudum geymslum.
- 2.3 Haga skal nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag, virða lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en skotfélagið hefur til afnota.

3. Almennar kröfur um mengunarvarnir.

- 3.1 Innra eftirlit með eigin starfsemi skal viðhaft í þeim tilgangi að tryggja að kröfur í starfsleyfi eða í reglugerðum séu uppfylltar sbr. 3.6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Skrá skal á skilvirkan hátt og geyma upplýsingar um eftirfarandi þætti starfseminnar:
 - a) Gögn um magn og tegund skota, leirdúfa ofl. mengandi efni sem notuð eru við starfsemina.
 - b) Förgun úrgangs s.s. skothylkja, leirdúfa og annað sem til fellur og magn þess.
 - c) Óhöpp sem kunna að verða.
 - d) Kvartanir og/eða athugasemdir sem berast.
- 3.2 Þar sem blý og aðrir þungmálmar úr skothylkjum, leirdúfum ofl. geta dreifst skal leggja yfirborðslag úr jarðefni s.s. leir, sem bindur vel þungmálma og er auðhreinanlegt. Óheimilt er að nota leirdúfur með tjörubindiefni og leitast skal við að nota leirdúfur með sem minnstu innihaldi af PAH eða öðrum mengandi efnum.
- 3.3 Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð. Gámi og ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum.
- 3.4 Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsynlegt að gera úttekt á þungmálmamengun frá skotvellingum þá skal Skotfélagið Ólafsfjarðar kosta slíka athugun. Leitast skal við að nota stálskot eða önnur vistvænni skot en blýskot og skotvellingir þar sem einungis eru notuð stálskot eru undanþegnar ákvæðum 3.2 og 3.4.
- 3.5 Úrgangur sem flokkast sem spilliefni, sbr. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og

mat á hættulegum eiginleikum úrgangs skal geyma í aðskildum umbúðum og merkja sérstaklega. Við hvert skotstæði/völl skal vera sorpilát fyrir tóm skothylki vel merkt.

- 3.6 Skotfélag Ólafsfjarðar ber ábyrgð á slysavörnum á sínu athafnasvæði. Takmarka skal umferð óviðkomandi um skotvöll og girða hann í samráði við skipulagsyfirvöld. Starfsleyfishafi skal setja sér öryggis- og umgengisreglur.

4. Hávaðavarnir og öryggismál

- 4.1 Takmarka skal útbreiðslu hávaða frá starfseminni eins og kostur er, t.d. með notkun hljóðísogsefna, hljóðmana, veggja, klefa eða annarra hindrana. Hávaði við lóðarmörk skal ekki fara yfir tilgreind viðmiðunarmörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra mun leita leiða til að meta hávaða eftir bestu fánlegu tækni sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
- 4.2 Starfsleyfishafa er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsu-spillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða eða truflun á umferð. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra getur takmarkað opnunartíma, eða gert ítarlegar kröfur um hávaða- eða öryggisvarnir ef starfsemin veldur ónæði í umhverfinu umfram það sem eðlilegt má teljast.
- 4.3 Huga skal að skotstefnu þannig að hún beinist frá íbúðabyggð eða almennri umferð til að minnka eins og kostur er ónæði af völdum hávaða eða ógn við umferð vegfarenda.